



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Reykjavíkurborg
radhus@reykjavik.is

Reykjavík 5. desember 2025
Tilv. 2512052/0.9.1

Efni: Ný gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands

Ný gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands nr. 1307/2025 hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda og mun hún taka gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur eldri gjaldskrá úr gildi. Gjaldskráin er sett með heimild í 48.gr.a laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Nýja gjaldskrá Þjóðskjalasafns má finna hér: <https://island.is/stjornartidindi/nr/67f48473-9689-432f-a5b8-922977c94b08>

Drög að gjaldskrá var kynnt fyrir öllum sveitarfélögum á veffund 13. júní 2025. Sveitarfélögum var gefinn kostur að senda inn athugasemdir til og með 27. júní. Engar athugasemdir við gjaldskrána bárust frá sveitarfélögum. Auk þess bauðst sveitarfélögum sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns kostur á fundi með safninu til að fara yfir gjaldskrárdrögin og áhrif þeirra á viðkomandi sveitarfélag. Tvö sveitarfélög þáðu boð um slíkan fund.

Athugasemdir sem bárust frá héraðsskjalasöfnum við gjaldskrána gáfu tilefni til að endurskoða þrennt í gjaldskránni, þ.e. gjald fyrir ráðgjöf og eftirlit, gjald fyrir tímavinnu starfsmanns og gjald fyrir miðlun skjala sveitarfélaga. Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra staðfesti gjaldskrána þann 27. nóvember síðastliðinn og var hún í framhaldinu auglýst í Stjórnartíðindum.

Helstu breytingar í nýrri gjaldskrá frá eldri gjaldskrá, sem hefur verið í gildi frá 2021, snúa að gjaldtöku fyrir þjónustu sem Þjóðskjalasafn veitir sveitarfélögum sem eru afhendingarskyld til safnsins. Með gjaldskránni munu sveitarfélög sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns greiða árlega gjald til safnsins fyrir ráðgjöf og eftirlit. Þá munu sveitarfélög áfram greiða vörslugjöld fyrir pappírsskjöl og rafræn gögn sveitarfélaga sem eru varðveitt hjá Þjóðskjalasafni.

Reykjavíkurborg er afhendingarskyldur aðili til Þjóðskjalasafns og með nýrri gjaldskrá munu eftirfarandi gjöld verða innheimt fyrir þjónustu sem Þjóðskjalasafn veitir, sbr. 3. gr. gjaldskrárinnar:

- Fyrir ráðgjöf og eftirlit verða innheimtar kr. 343 á hvern íbúa í sveitarfélaginu. Miðað verður við íbúafjölda í sveitarfélaginu 1. janúar 2026 samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni verða upplýsingar um íbúafjölda í sveitarfélögum 1. janúar 2026 birtar 12. mars 2026.



- Fyrir vörslu pappírsskjala verða innheimtar kr. 9.020 á hvern hillumetra sem varðveittur er af pappírsskjölum sveitarfélagsins í Þjóðskjalasafni Íslands. Við útreikning á vörslugjöldum er miðað við öll skjöl sveitarfélags sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni frá gildistöku laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn sem tóku gildi 12. júní 2014. Í vinnslu er yfirfærsla á safnkosti Borgarskjalasafns Reykjavíkur til Þjóðskjalasafns Íslands og verður vörslugjald fyrir pappírsskjöl innheimt frá þeim tíma sem skjölin komast í vörslu og á ábyrgð Þjóðskjalasafns Íslands.
- Fyrir vörslu rafrænna gagna verða innheimtar kr. 574 á gígabæt sem varðveitt eru af rafrænum gögnum sveitarfélagsins í Þjóðskjalasafni Íslands. Í vinnslu er yfirfærsla á safnkosti Borgarskjalasafns Reykjavíkur til Þjóðskjalasafns Íslands og verður vörslugjald fyrir rafræn gögn innheimt frá þeim tíma sem skjölin komast í vörslu og á ábyrgð Þjóðskjalasafns Íslands.

Reikningur fyrir vörslugjöldum verður sendur út þegar pappírsskjöl og rafræn gögn eru komin í vörslu og á ábyrgð Þjóðskjalasafns. Reikningur fyrir ráðgjöf og eftirlit verður sendur í maí 2026.

Þá er vakin athygli á að í 7. og 8. gr. gjaldskrárinnar eru ný gjöld sem sveitarfélög greiða fyrir ef þau óska eftir að Þjóðskjalasafn veiti tiltekna þjónustu. Annars vegar fyrir miðlun efnis frá sveitarfélagi (7. gr.) og hins vegar fyrir aukna rannsóknarþjónustu (8. gr.). Aðrir þættir gjaldskrárinnar eru uppfærslur frá gildandi gjaldskrá.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,

Njörður Sigurðsson
aðstoðarþjóðskjalavörður
(undirritað rafrænt)